

Erindisbréf skráningarráðs

Í samningum Landskerfis bókasafna hf. um sérfræðipjónustu vegna bókasafnskerfis og um afnot af kerfinu segir eftirfarandi í kaflanum um Öryggi og gæði gagna: „Skráningarráð á vegum verksala [Landskerfis bókasafna hf.] hefur það hlutverk að skera úr um ágreining varðandi skráningu og skráningarheimildir.“

Í viðauka við samningana er fjallað nánar um skráningarráð á eftirfarandi hátt: „Landskerfi bókasafna hf. skipar fjóra skráningarsérfræðinga í skráningarráð Gegnis; þrjá að fenginni tillögu frá stjórn notendafélags kerfisins (Aefli) og einn fulltrúa þjóðbókaskráningar, sem tilnefndur er af Landsbókasafni Íslands - Háskólabókasafni. Skráningarráðið skal setja reglur um bókfræðilega skráningu og ber verkkaupa [aðildarsöfnum] að hlíta þeim reglum. Skráningarráð hefur umboð til að veita skráningarréttindi í kerfinu og afturkalla þau.“

Skráningarráð velur sér formann og getur skipt með sér verkefnum. Greidd er þóknun vegna setu í skráningarráði.

Með skráningarráði starfa tveir sérfræðingar (án atkvæðisréttar)

1. Starfsmaður frá Landskerfi bókasafna.
2. Ritstjóri bókfræðigrunnns Gegnis sem er starfsmaður Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns. Ritstjóri annast viðvarandi gæðaeftirlit með uppbyggingu bókfræðigagna, tekur við ábendingum og tillögum frá samstarfsaðilum og leggur fyrir skráningarráð til umfjöllunar og afgreiðslu. Ritstjóri hefur umsjón með þjálfun varðandi skráningarþátt kerfisins.

Hlutverk skráningarráðs er eftirfarandi

1. Að vera samstarfsvettvangur Landskerfis bókasafna og bókasafna landsins varðandi notkun og uppbyggingu kerfisins hér á landi.
2. Að vera Landskerfi bókasafna til ráðuneytis varðandi aðlögun og þróun Gegnis.
3. Að marka stefnu, fylgjast með þróun og setja verklagsreglur um bókfræðilega skráningu í samræmi við alþjóðlegar reglur og staðla. Skráningarráð tekur saman lista um staðla, handbækur og þær reglur sem styðjast á við.
4. Að móta aðferðir við að fylgjast með skráningu í kerfinu með það að markmiði að tryggja gæði og samræmingu bókfræðilegra gagna í kerfinu. Öllum sem skrá í Gegni ber að hlíta þeim reglum sem skráningarráð setur og framfylgja mótaðri gæðastefnu.
5. Að skilgreina kröfur, sem gerðar eru til skrásetjara, til að öðlast skráningarheimild (mismunandi réttindastig hugsanleg). Landskerfi bókasafna úthlutar einstaklingum skráningarréttindum í samræmi við kröfur skráningarráðs og afturkallar þau ef tilefni reynist til. Skráningarráð sker úr um ágreiningsmál varðandi skráningarheimildir.
6. Að skera úr um ágreining varðandi skráningu.

7. Að skipa í vinnuhópa um skráningu eftir því sem þörf krefur, s.s. um skráningu á tónlistarefni og stjórnarprenti og um lýsigögn (metadata).
8. Að koma á verkaskiptingu milli safna eftir því sem tilefni er til, t.d. um skráningu og efnislyklun á efni í íslenskum tímaritum.
9. Að hafa í samstarfi við Landskerfi bókasafna forgöngu um fræðslu um bókfræðilega skráningu eftir því sem þörf krefur við rekstur bókasafnskerfisins.

Starfsreglur skráningarráðs

1. Skráningarráð Gegnis er tilnefnt til eins árs í senn á aðalfundi Aleflis og er starfstími þess frá 1. september til 31. ágúst.
2. Skráningarráð velur sér formann á fyrsta fundi starfsárs.
3. Skráningarráð heldur fundi eftir þörfum.
4. Formaður boðar til funda og sendir út skriflega dagskrá í tölvupósti til þeirra sem sitja fundinn, til formanns Aleflis og framkvæmdastjóra Landskerfis bókasafna með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara.
5. Formaður skráningarráðs eða ritari fundar sendir út fundargerð innan viku frá því fundur var haldinn. Næsti fundur samþykkir endurskoðaða fundargerð og skal hún birt á vef Landskerfis bókasafna; samþykktir sem varða skrásetjara skal kynna á póstlistanum Vöndu og birta á síðu skráningarráðs á vef Landskerfis bókasafna.
6. Samþykktir skráningarráðs eru jafnharðan felldar í efni Handbókar skrásetjara Gegnis (<http://hask.bok.hi.is/>) eftir því sem við á.
7. Framkvæmdastjóri Landskerfis bókasafna getur setið fundi skráningarráðs óski hann þess.

Reykjavík, 9. mars 2007,

f.h. Landskerfis bókasafna hf.
Sveinbjörg Sveinsdóttir